



Alþingi
Erindi nr. P 138/2336
komudagur 17.5.2010
Akureyri, 15. maí, 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Umsögn um frumvarp að breytingu á lögum um opinbera háskóla
(almenningsfræðsla).**

579. mál, löggjafarþing 2009-2010, þskj. 870.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. 1. tölul. 2. mgr. orðast svo: *Tveir fulltrúar háskólasamfélagsins tilnefndir af háskólafundi.*
- b. 3. tölul. 2. mgr. orðast svo: *Einn fulltrúi tilnefndur af ráðherra.*
- c. *Í stað orðsins „Tveir“ í 1. tölul. 3. mgr. kemur: Þrír.*
- d. 3. tölul. 3. mgr. orðast svo: *Tveir fulltrúar tilnefndir af ráðherra.*
- e. *Í stað orðsins „Tveir“ í 4. tölul. 3. mgr. kemur: Þrír.*
- f. *Í stað orðanna „Tveir fulltrúar skv. 4. tölul. 2. mgr. og 4. tölul. 3. mgr.“ í 1. málsli. 5. mgr. kemur: Tveir fulltrúar skv. 4. tölul. 2. mgr., þrír fulltrúar skv. 4. tölul. 3. mgr.“*

Athugasemdir varðandi 4.gr.

Félag stúdentaráðið við Háskólann á Akureyri (FSHA) fagnar því að fulltrúum háskólasamfélagsins skuli fjölgað og fulltrúum tilnefndum af ráðherra sé fækkað. Þar sem kom fram í umsögn FSHA þegar verið var að gera heildarlög um opinbera háskóla lýsti áhyggjum sínum yfir því að svo margir fulltrúar utan skólasamfélagsins skyldu sita í háskólaráði. Teljum við því að verið sé að koma til móts við okkar hugmyndir í þeim efnum.

Samantekt:

FSHA telur það jákvætt að háskólasamfélaginu skuli vera veitt meira sjálfstæði og vísar því til umsagnar sinnar þegar heildarlög voru tekin fyrir 2008.

FSHA fagnar því breytingu á 6.gr. laganna. FSHA veitir frumvarpinu jákvæða umsögn.

f.h. félags stúdentaráðið við Háskólann á Akureyri.

Jóhanna Guðrún Snæfeld Magnúsdóttir, formaður.